

Hverfisráð Hríseyjar

117. fundur

Föstudaginn, 11. maí 2018, kl 20:00 var haldinn 117. fundur hverfisráðs í Hlein.
Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Viðhald húsa og lóða

Hverfisráð telur að umhirðu lóða og viðhaldi húsa sé sums staðar ábótavant í þorpinu. Ákveðið að senda erindi á bæjaryfirvöld um hvort það sé hægt að senda eigendum húsanna góðfúsleg tilmæli um að bæta úr þessu þar sem það á við.

2. Innsend bréf

Hverfisráð staðfestir móttöku tölvupósts frá bæjarstjóra Akureyrar dagsett 30. apríl 2018, kl. 10:24. Í framhaldi af bókun hverfisráðs er varðar aðstöðuna á Árskógssandi sendi formaður erindi á bæjarstjóra, sem bæjarstjóri áframsendi á Dalvíkurbyggð. Hverfisráð þakkar fyrir erindi bæjarstjóra Akureyrar.

Forstöðumaður upplýsinga- og þjónustudeildar Akureyrarbæjar sendi fyrirspurn á formann hverfisráðs dagsett 04. maí 2018 hvort hverfisráð vildi skoða að halda aðalfundinn í haust, þegar ný bæjarstjórn væri tekin við. Hverfisráð tekur vel í þessa tillögu og mun halda aðalfund í september. Dagsetning auglýst síðar.

3. Sláttur á túnnum í bæjarlandinu

Hverfisráð vill ítreka að það sé mjög mikilvægt að túnin í Hrísey verði slegin, ekki síst vegna mikillar eldhættu sem gæti stafað af sinubruna í kringum þorpið.

4. Samgöngur (ferjan)

Ýmislegt rætt um þjónustu og þ.h.er varðar samgöngumál til eyjarinnar. Formanni falið að tala við verkefnisstjóra brothættra byggða í Hrísey um samöngumál. Hverfisráð óskaði á sínum tíma eftir því að fá að fylgjast með þegar að útboðsgögn á ferjuleiðinni voru kynnt og fá tækifæri til að gera athugasemdir við þau áður en ferjuleiðin væri boðin út, en af því var ekki.

5. Önnur mál

Formaður nefnir að netsambandið í eyjunni sé ekki nógu gott, og að það væri ennþá mikill áhugi fyrir að fá ljósleiðaratengingu til eyjarinnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:00.

Þorgeir Jónsson
Kristinn Frímann Árnason
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker